ALM VERÐBRÉF HF.

1 3 5 Yfirlýsing um stjórnhætti

Efnisyfirlit

Breytingasaga **3**

1. **Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og upplýsingar um það hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi.** **4**

2. **Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti** **4**

3. **Tilvísanir í annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið er í** **4**

4. **Helstu þættir innra eftirlits og áhættustjórnun félagsins** **5**

5. **Lýsing á stefnu félagsins um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur** **5**

6. **Samsetning og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar** **5**

7. **Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar** **6**

8. **Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda stjórnar** **6**

9. **Upplýsingar um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu** **6**

10. **Starfsreglur stjórnar og undirnefnda** **6**

11. **Upplýsingar um stjórnarmenn** **6**

12. **Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum** **6**

13. **Helstu þættir í árangursmati stjórnar** **6**

14. **Upplýsingar um framkvæmdastjóra félagsins og lýsing á helstu skyldum hans** **6**

15. **Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits-og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað** **7**

16. **Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar** **7**

Breytingasaga

2024 09 01	Fyrsta útgáfa.
2025 02 28	Breytingar vegna umsóknar um aukið starfsleyfi.
2025 10 14	Breytingar vegna umsóknar um aukið starfsleyfi.
2026 03 17	Uppfært eftir niðurfellingu leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2010.

ALM VERÐBRÉF HF.
STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING FYRIR ÁRIÐ 2025

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og upplýsingar um það hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ber stjórn ALM Verðbréfa („**ALM Verðbréf**“ eða „**félagið**“) ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag félagsins stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn þess, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Samkvæmt sömu lagagrein skal stjórn félagsins árlega endurmeta stjórnarhætti félagsins og bregðast við annmörkum sem koma í ljós.

Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal ALM Verðbréf fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Félaginu ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

ALM Verðbréf fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar, sem tóku gildi 1. júlí 2021 (6. útgáfa), eru aðgengilegar á vefsíðunni https://leidbeiningar.is/ („**leiðbeiningarnar**“).

Stjórnarháttayfirlýsing þessi fylgir þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

2. Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

ALM hefur ákveðið að víkja frá eftirfarandi atriðum í leiðbeiningunum:

- Félagið hefur ekki sett sér formlega stefnu varðandi sjálfbærni. Helgast sú ákvörðun á smæð fyrirtækisins og hversu einfaldur rekstur þess er. En með auknum vexti, fjölbreyttara vöruframboði og fjölgun starfsmanna mun félagið setja sér slíka stefnu. ALM hefur sett sér sérstakar siðareglur.

- Félagið hefur ekk sétt sér formlega stefnu stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, . framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur. Fyrir því liggja sömu ástæður og hér að ofan varðandi stefnu um sjálfbærni. Árlega framkvæmir stjórn sjálfsmat og þar er m.a. fjallað um samsetningu og þekkingu stjórnar.

- Vegna smæðar og einfalds rekstarar hefur ALM hefur félagið ekki komið á fót sérstakri tilnefninganefnd og ekki er talin þörf á því nema að félagið verði skráð á hlutaabréfamarkað. Hefur tilnefningarnefnd verið komið á fót? Sjá lið 1.4 og 1.5

3. Tilvísanir í annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið er í

Um starfsemi ALM Verðbréfa gilda lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Auk þess gilda m.a. lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfða sjóða, lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, um starfsemi félagsins. Auk þess gilda reglur, reglugerðir og tilmæli Seðlabanka Íslands um félagið. ALM Verðbréf tekur einnig í starfsemi sinni mið af viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/05), sbr. 16. gr. reglugerðar ESB nr. 1093/2010 sem lögfest var á Íslandi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Nálgast má helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi ALM Verðbréfa á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, https://www.fme.is/.

4. Helstu þættir innra eftirlits og áhættustjórnun félagsins

Stjórn og framkvæmdastjóri ALM Verðbréfa skulu tryggja sterka áhættumenningu og stuðla að góðum stjórnarháttum félagsins. Áhættustýring er órjúfanlegur hluti af starfsemi félagsins, frá stefnumörkun til framkvæmda. Almennt miðar ALM Verðbréf við áhættufælna nálgun við stýringu á lykiláhættuþáttum.

Innra eftirlit ALM Verðbréfa er skipulagt út frá þremur varnarlínum, með það að markmiði að tryggja skilvirkni og samræmingu ábyrgðar.

Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn, sem tilheyra ekki annarri eða þriðju varnarlínu, og hafa umsjón með daglegum rekstri félagsins. Fyrsta varnarlína ber ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Fyrsta varnarlína skal hafa til staðar viðeigandi ferla og eftirlit sem miðar að því að greina og milda áhættu í samræmi við áhættuvilja félagsins, og sömuleiðis að starfsemin sé í samræmi við kröfur samkvæmt lögum og innri reglur og ferla.

Önnur varnarlína samanstendur af innri eftirlitseiningum félagsins, þ.e. áhættustýringu og regluvörslu. Hlutverk annarrar varnarlínu er að tryggja að fyrsta varnarlína komu á fullnægjandi innra eftirliti og að því sé fylgt sem skyldi. Yfirmaður áhættustýringar ber ábyrgð á að greina, mæla og upplýsa um áhættu í starfsemi ALM Verðbréfa og leitast eftir að tryggja jafnvægi á milli áhættu og afkomu með aðgerðum sínum. Regluvörður heyrir beint undir stjórn og skal hann hafa eftirlit með hlítingaráhættu félagsins. Á árinu 2024 sinnti framkvæmdastjóri einnig hlutverki áhættustjóra og regluvarðar. Við umsókn félagsins sem lánafyrirtæki stendur til að ráða inn nýjan starfsmann sem mun sinna hlutverki áhættustjóra og regluvarðar.

Þriðja varnarlína samanstendur af innri endurskoðun. Markmið þriðju varnarlínu er að framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits. Innri endurskoðun hefur verið útvistað til Deloitte ehf., samkvæmt samningi. Innri endurskoðun vinnur samkvæmt áhættumiðaðri áætlun og yfirfer og staðfestir með reglubundnum hætti skipulag og virkni áhættustýringar ALM Verðbréf, greinir frávik og gerir tillögur til úrbóta ásamt því að fylgja þeim eftir.

5. Lýsing á stefnu félagsins um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur

ALM Verðbréf hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda félagsins, með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn.

6. Samsetning og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar

Stjórn ALM Verðbréfa samanstendur af fjórum einstaklingum og einum til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stefna félagsins er að stjórn félagsins skipi á hverjum tíma aðilum með reynslu af störfum á fjármálamarkaði eða úr atvinnulífi. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum ALM Verðbréfa á milli hluthafafunda, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Stjórn ber að stuðla að viðgangi ALM Verðbréfa og hafa yfirumsjón með rekstri félagsins í heild og störfum framkvæmdastjóra. Stjórn markar stefnu félagsins og hefur eftirlit með starfsemi þess. Hefur stjórn eftirlit með að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi þess gilda, góða viðskiptahætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi félagsins.

Í samræmi við 51. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki mun núverandi stjórn leggja til við aðalfund eða sérstakan hluthafafund að samþykktum félagsins verði breytt þannig að stjórn verði skipuð fimm einstaklingum.

Óformleg framkvæmdastjórn starfar hjá ALM en í henni sitja, auk framkvæmdastjóra 3 forstöðumenn í ALM og framkvæmdastjórin ALÍSU hf. ALM er í umsóknarfeli um aukið starfsleyfi sem lánafyrirtæki. Þegar sér fyrir endan á þeirri umsókn með leyfisveitingu verður fromleg framkæmdastjórn skipuð.

Í dag starfa engar undirnefndir, félagið er smátt í sniðum með einfaldan rekstur. Sem dæmi má nefna að þá er félagið með undanþágu frá starfrækslu sérstakarar áhættunefndar og endurskoðunarnefndar.

7. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar

ALM Verðbréf starfrækir ekki tilnefningarnefnd.

8. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda stjórnar

Á ekki við samanber 7. hér að ofan.

9. Upplýsingar um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu

Haldnir eru að jafnaði 11-12 stjórnarfundir á ári, en vegna sumarleyfa er ekki haldinn stjórnarfundur í júlí. Ekki er um fundi að ræða í undirnefndum vegna undanþágu sbr. 6. hér að ofan.

10. Starfsreglur stjórnar og undirnefnda

Stjórn ALM Verðbréfa hefur sett sér skriflegar starfsreglur þar sem fjallað er um verkefni og framkvæmd starfa stjórnarinnar. Starfsreglurnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. og 55. gr. sömu laga, sbr. einnig viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021) og viðmiðunarreglur EBA og ESMA, um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (EBA/GL/2021).

11. Upplýsingar um stjórnarmenn

Stjórnarmenn eru eftirtaldir:

Agnar Hansson, formaður

Páll Gíslason, meðstjórnandi

Arnbjörn Ingimundarson, meðstjórnandi

Varamaður er eftirtalinn:

Kristinn Tryggvi Þorleifsson

12. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Stjórnarmenn eiga hvorki beinan né óbeinan hlut í ALM Verðbréfum og teljast vera óháðir stjórnarmenn.

13. Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórn AML Verðbréfa framkvæmir eigi sjaldnar en árlega árangursmat þar sem hún metur störf sín og einstakra stjórnarmanna, verklag og starfhætti, og hvort ástæða sé til þess að skipa undirnefndir stjórnar sem og framgang félagsins. Við árangursmat skal stjórn leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Niðurstöður árangursmatsins eru notaðar til að bæta störf stjórnar.

Stjórn ALM Verðbréfa framkvæmir eigi sjaldnar en árlega árangursmat á framkvæmdastjóra félagsins.

14. Upplýsingar um framkvæmdastjóra félagsins og lýsing á helstu skyldum hans

Arnar Jónsson hefur starfað sem framkvæmdastjóri ALM Verðbréfa frá árinu 2009.

Arnar hefur langa reynslu af innlendum og alþjóðlegum fjármálamarkaði. Arnar hóf störf hjá Landsbanka

Íslands hf. 1997, fyrst á alþjóða- og fyrirtækjasviði en síðar (1997-2003) sem sérfræðingur bankans í afleiðuviðskiptum, þar sem mest áhersla var lögð á gjaldeyris- og vaxtamarkað. Frá 2003-2008 gegndi Arnar starfi forstöðumanns gjaldeyris- og afleiðumiðlunar, skuldastýringar, fyrir samstæðuna. Áður en Arnar hóf störf hjá Landsbankanum, starfaði hann sem aðalféhirðir Hf. Eimskipafélags Íslands (1995-1997) og sem fjármálastjóri Stjórnunarfélags Íslands (1990-1993). Arnar hefur mikla þekkingu og reynslu af innlendum fjármálamarkaði. Hann hefur lagt sérstaka áherslu á gjaldeyris- og vaxtamarkað, en einnig uppbyggingu á sérhæfðri þjónustu til fyrirtækja s.s. skuldastýringu og afleiðuviðskiptum. Arnar hafði yfirumsjón með gjaldeyris- og afleiðuviðskiptum til fyrirtækja og fagfjárfesta og er því með mikil tengsl við íslensk fyrirtæki, stofnanir og fjárfesta. Arnar var stundakennari við Háskóla Íslands í Alþjóðafjármálum (2001-2006), en einnig í sömu grein við Háskólann í Reykjavík fyrst 2002-2003 og síðar 2005-2006. Hann hefur skrifað fjölda greina um áhættustýringu fyrirtækja og gengis- og peningamál í dagblöð og tímarit (1998-2008). Arnar er með próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands (1990) og MSc (Cand.Merc) í fjármálafræðum frá Handelshojskolen í Kaupmannahöfn (Copenhagen Business School, 1995). Hann hefur auk þess lokið prófi í verðbréfaviðskiptum skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Arnar á 6,56% hlut í ALM Verðbréfum.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur, auk þess sem hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

Arnar situr í stjórnum dótturfélaga ALM en þau eru:

Nafn	Kennitala	Starfssvið	Fyrirtæki	Fyrir hönd	Heimild	Stjónarlaun	Samþykkt
Arnar Jónsson	281065-8079	Framkvæmdastjóri	Fjárfestingafélag atvinnulífsins hf.	ALM	Stjórn	Nei	15.1.2015
			A Faktoring ehf.	ALM	Stjórn	Nei	30.6.2015
			ALM Fjármögnun ehf.	ALM	Stjórn	Nei	30.9.2016
			ALÍSA hf.	ALM	Stjórn	Já	26.10.2018
			ALM Brú ehf.	ALM	Stjórn	Nei	22.11.2018
			Kjölfesta GP ehf.	ALM	Stjórn	Nei	3.7.2012
			Kjölfesta Slhf.	ALM	Stjórn	Nei	3.7.2012
			Meniga Ltd.	Kjölfestu Slhf.	Stjórn	Nei	22.11.2019

Stjórn ALM hefur sampykkti í febrúar 2025 að gerðir verði kaupréttarsamningar við lykilstarfsmenn félagsins. Kaupréttarsamningarnir eru til 3 ára og er upphafsgengi á hvern hlut 11,00 kr. Gert er ráð fyrir að framkvamdastjóri hafi heimild til að kaupa allt að 1,50% á ári í félaginu, en aðrir lykilstarfsmenn 1,0%. Aðalfundur samþykkti ofangreinda kaupréttarsamninga á aðalfundi félagsins.

Framkvæmdastjóri hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stærstu hlutahfa félagins.

15. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits-og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Á ekki við.

16. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Stjórn ALM Verðbréfa hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar. Stjórnarformaður stýrir samskiptum stjórnar við hluthafa. Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni félagsins og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og annarra reglna og fyrirmæla sem gilda um starfsemi félagsins.

Reykjavík 2026.

Stjórn ALM Verðbréfa hf.